

Akureyri 19.02.2020

Akureyrarbær
b/t Skipulagsstjóri

Við undirrituð sækjum hér með um leyfi til að setja upp 0,9 m háá girðingu á austurhluta lóðar okkar við Krókeyrarnöf 21. Þessi girðing er fyrst og fremst ætluð til að halda hundinum okkar innan lóðarinnar.

Girðingen verður staðsett niðri í brekkunni til austurs (innan okkar lóðar) og verður því ósýnileg frá götunni og húsum ofan götu og mun því ekki trufla útsýni þaðan á nokkurn hátt. Þá verður girðingen staðsett á lóðarmörkum til norðurs og suðurs eða innan okkar lóðar en sú útfærsla verður unnin í samráði við nágranna okkar og með þeirra samþykki.

Okkur er ljóst að samkvæmt deiliskipulagi er sú kvöð á lóð að ekki megi girða af þann hluta lóðar sem snýr að opnu svæði til austurs en við teljum að lág girðing niðri í náttúrulegri brekkunni innan okkar lóðar sé engum til ama og skerði ekki náttúrulegt yfirbragð svæðisins. Í þessu samhengi má benda á að nokkrir nágrannar okkar hafa framlengt lóðir sínar (sléttar grasflatir) til austurs á kostnað náttúrulegu grasbrekkunnar sem er veruleg skerðing á náttúrulegu yfirbragði svæðisins.

Meðfylgjandi er yfirlitsteikning af fyrirhugaðri staðsetningu girðingar ásamt sniðmynd.

Með kveðju

Anna Örvarsson
Atli Örvarsson
Krókeyrarnöf 21
600 Akureyri